

Alþingi
Erindi nr. P 136/186
komudagur 24.11.2008

19.nóvember 2008. Myndlistaskólinn í Reykjavík
Þorbjörg Þorvaldsdóttir deildarstjóri barna- og unglingsdeildar.
Guðrún Hannesdóttir bókavörður.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun barnamenningarhúss.

136. löggjafarþing 2008-2009. Þskj. 24 – 24.mál.

Fyrir hönd starfslíðs skólans fögnum við tilkomu þessa frumvarps og teljum að með farsælli framkvæmd stofnunar barnamenningarhúss ávinnist fjölmargt sem eflt getur hag íslenskra barna.

- Opinber umræða um barnamenningu nær við það eyrum margra og opnar augu fólks fyrir bagalegum skorti á stefnumótun yfirvalda á þessu sviði hér á landi.
- Stofnun barnamenningarhúss er nýmæli og snertir fólk á fjölmörgum sviðum, jafnt fagfólk sem foreldra og mun þessi nýi flötur verða kveikja að öflugum umræðum og hugmyndum.
- Slík framkvæmd mun glæða með börnum tilfinningu fyrir því að þeirra hlutur sé ekki fyrir borð borinn í menningarlegu tilliti og útvega þeim vettvang til að taka þátt í að þróa og njóta eigin framlags og annarra til listupplifunar.

Í nágrannalöndum okkar er umræða og stefnumótun mun lengra á veg komin en hér og barnamenning skilgreint og tamt hugtak. Íslendingar eru aðilar að norrænu og evrópsku samstarfi um barnamenningu. Með stofnun barnamenningarhúss yrði framlag okkar til þessa samstarfs auðveldara og markvissara.

Af kynnum okkar og samtölum við ýmsa sem vinna með börnum er ljóst að enginn hörgull er á mjög hæfu fólki sem er tilbúið að vinna þessu máli og enn síður skortur á hugmyndum sem bíða þess að verða hrint í framkvæmd. Jarðvegurinn hefur verið undirbúinn og það starf sem víða er unnið að nokkru leyti kortlagt. Við fögnum því að á erfiðum tímum sé hafist handa við að styrkja innviði menningarinnar og efla kraft og þor barna sérstaklega, þó stakkurinn verði þrengra skorinn en glæstustu draumar standa til.


En hvernig barnameningarhús og hvert á hlutverk þess að vera?

Við teljum grundvallaratriði að barnameningarhús sé hús allra listgreina en ekki eingöngu bókahús. Þar væru á einum stað allar upplýsingar um það menningarstarf sem fram fer í landinu fyrir börn.

Hlutverk barnameningarhúss ætti fyrst og fremst að vera að vekja athygli á barnameningu og gera hana sýnilega. Vera vettvangur fyrir tengsl og samtal á milli fólks sem vinnur að barnameningu og stuðningur við það góða starf sem fram fer í hinum ýmsu stofnunum (T.a.m. Þjóðminjasafni, leikhúsunum, listasöfnunum og bókasöfnunum, auk skólanna).

Þótt gaman væri að eignast stórt og fint ævintýrahús, er það starfið sem barnameningarhúsið hlúir að sem skiptir mestu máli. Að sjálfsgöðu þarf barnameningarhús einhverja aðstöðu, og starfsmenn þyrftu að vera a.m.k. tveir til að geta átt í samtali og hafa stuðning hvor af öðrum. Það væri miðstöð upplýsinga um allt barnameningarstarf sem fram fer í landinu, opin og aðgengileg öllum almenningi. Til að gera upplýsingarnar aðgengilegar öllum og til að barnameningarhús þjónaði öllu landinu þyrfti það að halda úti góðri og virkri heimasíðu.

Við vildum sjá barnameningarhúsið stórt í starfinu frekar en í stórri byggingu. Hugmyndir okkar um barnameningarhús fara best með “köngulárleiðinni” sem lýst er í skýrslu Sigurðar Valgeirssonar. Hlutverk forstöðumanns barnameningarhúss væri þá ekki ósvipað stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík. Hann ynni verkefni í samvinnu við þær stofnanir sem fyrir eru (leikhús, söfn og skóla) og styddi þannig við það starf sem þar fer fram. Eins og Listahátíð leggur nú sérstaka áherslu á ákveðna listgrein í hvert skipti, gæti barnameningarhús merkt hvert ár ákveðinni grein eða þema og þá átt aukna samvinnu við þær stofnanir og fólk sem við á hverju sinni. Jafnframt hefði hann það hlutverk að kalla til sín upplýsingar um allt barnameningarstarf sem fram fer í landinu og halda þeim til haga. Einnig að stefna fólki og stofnunum saman til samvinnu og samræðu, og halda uppi lifandi umræðu um barnameningu.



Guðrún Hannesdóttir